GUNNAR THORODDSEN:

HVERS VEGNA 200 MÍLUR?

Þingflokkur sjálfstæðismanna og miðstjórn hafa lýst yfir þeirri stefnu, að landhelgin verði færð út í 200 mílur eigi síðar en fyrir árslok 1974. Við þetta vakna þær spurningar: Hvers vegna 200 mílur, en ekki viðmiðun við landgrunnið, – og hvers vegna á næsta ári?

SÖGULEGUR RÉTTUR OKKAR

Frá því, er landgrunnslögin voru sett árið 1948, hefur markmiðið í landhelgismálinu verið landgrunnið allt, með öllum fiskimiðum þess umhverfis landið. Þetta er okkur þjóðarnauðsyn, og þetta er hinn sögulegi réttur okkar.

Allt frá byggingu Íslands og langt fram eftir öldum áttu Íslendingar einir öll þessi fiskimið. Sá réttur var viðurkenndur af öðrum þjóðum. Þegar erlendir fiskibátar fóru fyrst að sækja á Íslandsmið, mótmæltu landsmenn því fastlega og það hreif, bátarnir hurfu á brott. Síðar tóku útlend skip að veiða hér við land og stunda rányrkju í skjóli hervalds síns og undanlátssemi danskra yfirvalda, en alltaf í óþökk landsmanna og gegn þeirra mótmælum.

Landgrunnið með öllum auðlindum þess, í hafsbotni og yfir honum, er og á að vera eign Íslendinga og þeirra einna. Það er hluti af landinu og lífgjafi landsmanna. En hverlnig á að ákveða, hve langt það nær á haf út?

ÞÚSUND METRA DÝPI OG HAGNÝTINGARMÖRK

Í alþjóðlegum umræðum er oft miðað við dýpi og dýptarlínur, t.d. 400 metra dýpi, og nú upp á síðkastið 800 til 1000 metra. En einnig er oft talað um svokölluð hagnýtingarmörk; er þá átt við, hversu langt hægt er að ná til nýtingar, t.d. til vinnslu olíu, eða til þess að veiða fisk. Hagnýtingarmörkin að því er fiskveiðar varðar ná með núverandi tækni lengra en á eitt þúsund metra dýpi. Fyrir Íslendinga væri æskilegt að miða fiskveiðilögsöguna ann aðhvort við hagnýtingarmörk in eða a.m.k. 1000 metra dýpi.

Viðmiðun við landgrunnið er af mörgum ástæðum eðlilegust frá sjónarmiði Íslands. Landgrunnið er jarðfræðilegur hluti af landinu, stöpullinn, sem það stendur á. Þar eru fiskimiðin, sem afkoma og líf fólksins byggist á.

VÍÐÁTTA LANDGRUNNSINS

Við umræður til undirbúnings hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna hefur það komið í ljós, að erfitt muni að sameina þær þjóðir sem vilja víða landhelgi, um alþjóðlega reglu, sem byggist á landgrunninu einu. Til þess liggja einkum tvær ástæður. Hin fyrri er sú, að mörg ríki, sem þegar hafa tekið sér 200 mílur, hafa sjálf lítið landgrunn. Þær hafa því lítinn áhuga og takmarkaðan skilning á landgrunns sjónarmiðum. Hin ástæðan er sú, að hjá sumum ríkjum, sem berjast fyrir landgrunnsreglunni, t.d. Kanada, nær landgrunnið svo langt á haf út, langt út fyrir 200 mílur, að vonlítið er að fá nægilegt fylgi við svo víðáttumikla



Gunnar Thoroddsen

landhelgi. Þjóðir í þessari aðstöðu hafa því valið þann kostinn að styðja 200 mílur sem meginreglu, að vísu í von um, að fá einhver forréttindi á landgrunni sínu utan þeirra.

Frá sjónarmiði Íslands full nægir 200 mílna reglan hagsmunum okkar vel að því leyti, að innan þeirra verður allt landgrunnið út að þúsund metra dýpi og sums staðar miklu meira dýpi. Aðeins á einum stað, til suðvesturs, gengur 1000 metra dýptarlínan út fyrir 200 mílna mörkin. Landgrunn Íslands fellur því í meginatriðum undir 200 mílna regluna.

KÖNNUN Á FYLGINU

Í lok undirbúningsfunda undir hafréttarráðstefnuna hefur farið fram rækileg könnun á stöðunni allri og horfum um hvaða sjónarmið muni líklegust til sigurs.

Um 150 þjóðir hafa rétt til þess að senda fulltrúa á hafréttarráðstefnuna. Líklegt er, að 130—140 þeirra muni sækja hana. Við athugun á umræðum, tillöguflutningi, hagsmunum og allri aðstöðu, er það mat kunnugustu manna, að fylgjandi 200 mílum verði örugglega 80 ríki og geti fylgið farið upp í 100. Meirihluti þjóðanna er því þegar orðinn fylgjandi 200 mílum.

MEIRIHLUTI HEIMS MUN FYLGJA 200 MÍLUM

Að vísu er gert ráð fyrir þeirri reglu, að tveir þriðju hlutar allra þeirra, sem greiða atkvæði, þurfi að samþykkja tillögu, til þess að hún verði bindandi sem þjóðréttarregla, og uk þess þurfi fullgildingu allmargra ríkja eftir á. En hvort sem þessi háttur verður hafður á eða ekki, er það staðreynd, ein hin mikilvægasta í allri landhelgissögunni, að meiri hluti þjóða heims fylgir 200 mílna efnahagslögsögu, en undir hana fellur fiskveiðilögsagan, sem mestu skiptir fyrir Ísland.

50 MÍLURNAR

Þegar Alþingi ákvað útfærslu úr 12 sjómílum í 50, var það mikilvægur áfangi á leiðinni til landgrunnsins alls. Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn vildu þá stíga stærra skref, en þar sem stjórnarflokkarnir fengust ekki til þess, samþykktu þess ir tveir flokkar 50 mílurnar og hafa staðið með þeirri ákvörðun. Sú útfærsla hefur gert þjóðinni gagn. Þótt það hafi valdið vonbrigðum, að erlendir togarar veiða enn mikið fiskmagn innan 50 mílna, og óþolandi áreitni á sér stað, hafa íslenzk fiskiskip þó sums staðar við strendur landsins haft meiri frið til fiskveiða en áður. Út á við hefur útfærslan í 50 mílur vakið athygli á málstað Íslands og opnað augu margra fyrir hinni brýnu þörf þjóðarinnar til þess að njóta fiskimiða sinna. Að vísu eru orðum auknar lýsingar sumra stjórnarsinna á þeirri alheimsvakningu, sem 50 mílurnar íslenzku hafi hrundið af stað. Og á undirbúningsfundum hafréttarráðstefnunnar voru 50 mílurnar ekki aðalumræðuefnið. Hitt mun sanni nær, að harla lítið hafi verið um þær rætt. Það eru 200 mílurnar, sem voru umræðuefnið, þær eru málið. Þegar á hafréttarráðstefnuna kemur á næsta ári, mun sama verða upp á teningnum. Ef Ísland færi þar að tala sérstaklega máli 50 mílna og flytja tillögu um þær, fengi það trúlega í lið með sér perluveiðarana í Óman á Arabíuskaganum og það góða ríki Gambíu á Afríkuströnd, sem hefur lítið af fiski af segja en lifir mest á hnetum, er nema 90% af útflutningi þeirra. Þetta munu einu þjóðir utan Íslands, sem hafa 50 mílna landhelgi. Aðrar þjóðir mundu brosa góðlátlega að því fólki, sem fylgist ekki með tímanum.

HIN ÖRA ÞRÓUN

Í landhelgismálum er þróun in svo ör, að undrun sætir. Íslendingum er það brýn nauðsyn að fylgjast svo vel sem verða má með tímanum og draga ekki um of að taka nýjar og djarfar ákvarðanir, þeg ar þróunin og breyttir tímar krefjast.

Þegar á allt þetta er horft, sem hér var rakið, er það hafið yfir allan efa, að Íslendingar eiga að taka hiklausa afstöðu með 200 mílna stefnunni. Alþingi þarf að gera um það ályktun, þegar það kemur saman til funda í október.

(Önnur grein Gunnars kemur í blað nu á morgun)

Opinberri heimsókn forsetahjónanna til Vestfjarða lokið

Hólmavík, 31. ágúst.

FORSETAHJÓNIN fóru frá Bjarkarlundi kl. 9 í gærmorgun og kl. 10.30 tók sýslumaður Strandasýslu á móti þeim á Tröllatunguheiði, ásamt hreppsnefndarmönnum úr Kirkjubólshreppi og sýslunefndarmanni sem fylgdu þeim til Hólmavíkur, en snæddu að því loknu hádegisverð á heimili sýslumanns Andrésar Valdemarssonar. Eftir hádegið var farin hringferð um Bjarnarfjörð, þar sem hreppsnefndarmenn Kaldrananess og Hrófbergshrepps tóku á móti forsetahjónunum og sýndu þeim staðinn. Þá skoðaði forsetinn Kaldrananeskirkju.

Kl. 17 hófst opinber móttaka í skólahúsinu í Hólmavík í boði sýslunefndar Strandasýslu. Var þar kaffisamsæti sem sýslumað ur stjórnaði. Samsætið sótti fólk úr öllum hreppum Strandasýslu. Séra Andrés Ólafsson rakti sögu Hólmavíkur, almenn ur söngur var og forsetinn þakk aði að lokum alúðlegar móttökur. Þá fór hann að Stað í Steingrímsfirði og skoðaði þar 118 ára gamla kirkju (Staðarkirkju). Frá Hólmavík fóru forsetahjónin um kl. 20.30, og lauk þar með opinberri heimsókn þeirra til Vestfjarða. Þau gistu um nóttina í Bifröst í Borgarfirði.

— Andrés.



Frá opnun sýningarinnar.

ISLANDIA '73 opnuð

Skýrt var frá fundi 7 áður óþekktra skildingabréfa

Póst- og símamálastjóri, Jón Skúlason opnaði frímerkjasýninguna Islandia að Kjarvalsstöðum í gær kl. 17. Meðal viðstaddra voru forseti Íslands, herra Kristján Eldjárn, forsætisráðherra, Ólafur Jóhannesson, og eiginkonur þeirra. Einnig tók Jón Aðalsteinn Jónsson magister til máls, og sagði hann m. a. frá fundi sjö áður óþekktra skildingabréfa. Fundarstaðar eða nafns finnandans var ekki getið, en hann afhenti Jóni bréfin síðastliðinn fimmtudag. —

Sex bréfanna eru með fjögurra aura skildinga frímerki, og er elzta þeirra frá 1873, og hin eru frá 1874 og 1876. Eitt er með tveggja skildinga frímerkjapari og er það frá 1875. Á einu fjögurra skildinga bréfinu eru grænn þjónustumerki, gróftökkuð og rýrir það eitthvað verðgildið, því fíntökkuð frímerki eru verðmæt ari. Á einu bréfanna er rautt almennt fjögurra skildinga frímerki, gróftakkað, og er það eina frímerkið sinnar tegundar, sem vitað er um.

Ekki er búið að meta verðgildi frímerkjanna, en má gera ráð fyrir að þau séu um 4—5 milljóna króna virði.

Jón Aðalsteinn mun afhenda formanni sýningarnefndar þennan fjársjóð, og verða þau sett upp á sýningunni áður en henni lýkur.

Vélhjóli ekið á bíl

PILTUR á vélhjóli ók á hlið fólksbifreiðar á mótum Gunnarsbrautar og Flókagötu um hádegið í gær. Hann slapp með lítil meiðsli, en miklar skemmdir urðu á bifreiðinni og talsverðar á vélhjólinu.